

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar FENÚR fyrir starfsárið 2011-2012

Góðir aðalfundargestir. Að loknum síðasta aðalfundi FENÚR sem haldinn var 6. maí á Kaffi Reykjavík **skipti stjórnin með sér verkum á eftirfarandi hátt:**

Formaður, sá sem hér stendur, hafði verið kosinn sérstaklega á aðalfundinum en önnur verkaskipting varð þessi:

varaformaður Hafsteinn H. Gunnarsson,
ritari Bryndís Skúladóttir,
gjaldkeri Már Karlsson,
meðstjórnandi Ingvar Halldórsson.

Varamenn Guðmundur Tryggvi Ólafsson og Ingbór Guðmundsson.

Stjórnin hélt 7 (nr. 127-134) formlega fundi á starfsárinu og voru aðalmenn og varamenn í stjórn boðaðir á fundina. Fundargerðir þessara funda liggja fyrir.

Helstu verkefni sem stjórnin vann að voru meðal annars þættir úr starfsáætlun sem þarf að taka fyrir í stjórn á starfsárinu, s.s. vinna áfram við að meta hvernig megi draga úr kostnaði félagsins vegna ýmissa verkefna; endurskoðun samstarfssamning FENÚR við SORPU, undirbúningur haustferðar og fleiri verkefni.

Aðalfundarráðstefna 2011 „Úrgangsmál í brennideplinum“

Ráðstefnustjóri var Ellý K. Guðmundsdóttir, sviðsstýra Umhverfis- og samgöngusviðs Reykjavíkurborgar en fyrstur á mælendaskrá var Hrefna B. Jónsdóttir, Sorpurðun Vesturlands, sem kynnti fyrir ráðstefnugestum það helsta sem bar fyrir augu og eyru í kynningarferð sinni um ríki í aðildarumsóknarferli að EU – betri umhverfisstjórnun. Lúðvík Gústafsson, Sambandinu, tók við af Hrefnu og fjallaði hann um sérstöðu Íslands í úrgangsmálum. Umfjöllun um lífrænan úrgang - Flokkun, meðhöndlun og nýting lífrænna efna, var í höndum Kjartans Hreinssonar, Matvælastofnun og Helga Jenssonar, Umhverfisstofnun og fyrir hönd framkvæmdaraðila, Eiður Guðmundsson MOLTA ehf. Að erindum loknum urðu góðar fyrirspurnir og umræða. Að loknu kaffi, tók Kjartan Hreinsson aftur við og fjallaði um díoxínmengun frá sorpbrennslum, Sigríður Björnsdóttir, HÍ fjallaði um flokkun úrgangs hjá HÍ og að lokum fjallaði Björn H Halldórsson, SORPU um Metannotkun, framleiðsla metans, fjölgun metanbíla og framtíðarsýn.

Haustferð FENÚR 2011, 10-11. nóvember.

Farið var norður á Akureyri með viðkomu á Blöndós, þar sem fundamenn hlustuð á þrjú erindi Urðunarstaðurinn Stekkjarvík, bygging og rekstur - Magnús B. Jónsson, Sveitarstjóri á Skagaströnd Þróun úrgangsméðhöndlunar í A-Húnavatnssýslu - Ágúst Þór Bragason, Umsjónarmaður Tæknideildar Blönduósbæjar, Að lágmarka úrgang í vinnslu - Sigurður Jóhannesson, Framkvæmdastjóri SAH afurða. Urðunarstaður að Stekkjarvík var skoður í framhaldi og fengu fundarmenn frábærar móttökur þar eftir þessi fínu erindi og góðan málsverð á . Haldið var áleiðis til Sauðárkróks en Ómar hjá Flokku bauð hópnum að stoppa hjá sér og skoða þá þróun sem orðið hefur í móttöku og flokkun úrgangs hjá þeim á Sauðárkróki. Akureyri var næsti áfangastaður og þegar þangað var komið, tóku Úlfar og Gunnar G á móti hópnum í nýrri aðstöðu Furu. Dagurinn endaði í Hofi þar sem snæddur var dýrindis málsverður í fallegu umhverfi.

Á föstudeginum hófst dagurinn með ráðstefnu á Hótel KEA. Ráðstefnustjóri var Guðmundur Sigvaldason, sveitarstjóri Hörgárbyggðar en Ragna I. Halldórsdóttir, formaður FENÚR setti fundinn. Fyrstu tvö erindi fjölluðu um gasmál urðunarstaða sem Lúðvík Gústafsson, Samband Íslenskra Sveitarfélaga og Gunnlaug Einarsdóttir, Umhverfisstofnun, fluttu. Drög að svæðisáætlun - Eiður

Guðmundsson, Molta og Hafsteinn H. Gunnarsson, Sorpsamlag Þingeyinga kom þar á eftir og Helgi Már Pálsson, bæjartæknifræðingur Akureyrar fjallaði um Nýtt söfnunarkerfi á Akureyri. Að lokum var Framleiðsla á lífdísel kynnt fundarmönnum, spennandi verkefni sem Kristinn Sigurharðarson, Orkey, fjallaði um. Að lokum var vettvangsferð, ein af flokkunarstöðvum bæjarins skoðuð, Molta, lífdíselframleiðslan, Hringrás og aðstaða Gámaþjónustannar. Alls staðar var hópnum vel tekið og þakkar stjórn SORPU það.

Heimasíða FENÚR.

Uppfærsla heimasíðunnar gekk vel og hefur nýja síðan verið að virka ágætlega. Stjórn FENÚR hefur verið að skoða hvernig megi fá félagi í meira mæli inn á síðuna og einnig er kallað eftir efni inn á síðuna, FENÚR félagar geta sent okkur efni til birtingar!



NAF (áður DNR)

Formaður FENÚR sótti ekki fund NAF 2011.

Aðalfundur ISWA og ráðstefna

Formaður FENÚR sótti ekki aðalfund ISWA 2011. Ekki fékkst styrkur frá Umhverfisráðuneytinu uppí kostnað vegna ferðar og án þess stendur FENÚR ekki undir ferð sem þessari.

Nýir félagar

Nokkur fjölgun varð á félagsmönnum á árinu.

FENÚR fréttir

FENÚR fréttir lágu niðri á árinu.

Flokkunarkerki FENÚR

Flokkunarkerki FENÚR halda áfram að þróast í takt við þær breytingar er verða á sviði úrgangsstjórnun og breytingar í samfélaginu. FENÚR merki er nú orðin ríflega 50 og eru til með íslenskum texta og svo íslenskum og enskum texta. FENÚR hefur haldið áfram að láta framleiða og selja límmerki sem sýna hin ýmsu úrgangsflokka. Notkun merkjanna er nokkuð góð og eru merkin nú sýnileg víða um land. Á heildina litið virðist vera almenn ánægja með flokkunarkerki FENÚR. Þau

merki sem voru endurskoðuð eða komu ný inn á árinu voru Stórsekkir og merki fyrir umbúðir úr plasti var lagfært, sett inná það plastpoki.



Umsýsla og daglegt skipulag

Starfsfólk SORPU annast daglegan skrifstofurekstur fyrir FENÚR svo sem innheimtu félagsgjalda, færslu bókhalds, rekstur heimasíðu og fylgja eftir hönnun, sölu og útsendingu flokkunarkerkja í samræmi við samning þar um.

Markmið FENÚR

Við stofnun félagsins voru sett markmið fyrir félagið og langar mig að fara yfir þau með ykkur og fá ykkur til að hugsa um hvernig okkur hafa gengið að uppfylla þau markmið eru:

- Að stuðla að minnkun úrgangs í samfélaginu.
 - Að auka þróun í meðhöndlun og meðferð úrgangs.
 - Að vera leiðandi afl í umfjöllun um úrgang og meðferð hans.
 - Að vera leiðandi í öflun upplýsinga um þróun og meðferð úrgangs í heiminum og dreifa upplýsingum til félagsmanna sem og á opinberum vettvangi.
 - Að hafa áhrif á setningu laga og reglugerða er varða úrgang og meðhöndlun hans.
- Það sem við gerum til að uppfylla þessi markmið er meðal annars:
- Halda uppi faglegri umræðu.
 - Afla og dreifa þekkingu til félaga og yfirvalda.
 - Útgáfustarfsemi.
 - Ráðstefnuhaldi.
 - Hvetja til og standa að þróunarverkefnum.
 - Eiga góða samvinnu við aðra sem tengjast málaflokknum.
 - Taka þátt í samstarfi, norrænu sem og alþjóðlegu.

Að þessari upptalningu lokinni þarf ekki að hafa mörg orð um að enn eru næg verkefni fyrir félagið og margt óunnið.

Í lokin

Ég hef nú gegnt formennsku FENÚR í 3 ár. Fyrri formenn stjórnar hafa sett fordæmi fyrir því að gegna stöðunni til þriggja ára. Ég gef þar af leiðandi ekki kost á mér sem formaður FENÚR á þessum aðalfundi.

Að svo mæltu þakka ég stjórn, fráfarandi stjórnarmönnum og nýjum og svo öllum félagsmönnum samstarfið á því starfsári sem er að ljúka.

Flutt á aðalfundi FENÚR í Hlégarði, Mosfellsbæ þann 30. mars 2012

F. h. stjórnar FENÚR,
Ragna I Halldórsdóttir
formaður stjórnar